

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B27-30

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 27-30

Nr. 135-166

2003

Efnisyfirlit B 27-30 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
135	26. feb.	Reglugerð um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2003	461-464
136	27. feb.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta nr. 80 24. febrúar 1993	465
137	4. mars	Reglugerð um friðun hrygningarporsks og skarkola á vetrarvertíð 2003	466-468
138	4. mars	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet	468
139	26. feb.	Reglugerð um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2003	469-471
140	24. feb.	Reglugerð um barnamat fyrir ungbörn og smábörn	471-481
141	28. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2002/2003	481
142	27. feb.	Auglýsing ríkisskattstjóra nr. 7/2003 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þinggjalda á árinu 2003	482
143	26. feb.	Auglýsing um almennar kosningar til Alþingis	482
144	14. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 499/2002, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004	483
145	24. feb.	Reglugerð um veitingu sérfræðileyfa í sjúkrapjálfun	483-484
146	26. feb.	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2003	485-486
147	25. feb.	Auglýsing um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf o.fl.	487
148	25. feb.	Samþykkt Bláskógabyggðar um sorpflutninga og sorpeyðingu	487-488
149	24. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsveiðar	489
150	27. feb.	Gjaldskrá Byggðasamlags skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Hvalfjarðarstrandhreppi, Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit	489-491
151	18. feb.	Reglur um íslensku UNESCO-nefndina	491-492
152	24. feb.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Sævangs 35 í Hafnarfirði	492
153	24. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999	492-493
154	18. feb.	Auglýsing um umferð í Reykjavík	493
155	24. feb.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, verslunar- og þjónustulóðir í og við Giljahverfi	493

STJÓRNARTÍÐINDI B 27 – 2003

26. febrúar 2003

461

Nr. 135

REGLUGERÐ

um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu m.v. afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 25 tonn af lúðu, 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó.

Í veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Lúðuafli skal ekki vera meiri en sem nemur 5%, og afli af grálúðu og karfa ekki meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00'N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð nr. 299/1975.

Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt línuveiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

5. gr.

Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar, Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum í fjareftirlitssamningi Fiskistofu Íslands og Fiskistofu Noregs sem kom til framkvæmda 1. ágúst 2000.

6. gr.

Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, sigla um eina af eftirfarandi athugunarstöðvum:

- a) 66°00'N – 08°00'V
- b) 65°00'N – 11°00'V
- c) 64°00'N – 12°00'V
- d) 63°30'N – 16°00'V
- e) 63°00'N – 20°00'V
- f) 63°30'N – 25°00'V
- g) 65°00'N – 27°00'V

Athugunarstöðvum, sbr. 1. mgr., verður breytt með sérstakri reglugerð ef þróun veiða gefur tilefni til.

Skip geta í samráði við og með samþykki Landhelgisgæslunnar, haldið til annarra athugunarstöðva eða íslenskrar hafnar í stað athugunarstöðvar, sbr. 1. mgr.

Óheimilt er að yfirgefa athugunarstöð áður en tilkynntur komutími er liðinn, sbr. 7. gr., 10. gr. og 11. gr., nema að fengnu samþykki Landhelgisgæslunnar.

7. gr.

Áður en skip kemur inn í fiskveiðilandhelgi Íslands skal tilkynna Landhelgisgæslunni um fyrirhugaðar veiðar og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr., og fyrirhugaður komutími í athugunarstöðina.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr. Þó þarf ekki að tilgreina athugunarstöð, sbr. síðasta lið.

8. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

9. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

10. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Athugunarstöð sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og áætlaður komutími í athugunarstöð.

Löndunarhöfn.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstöðvar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

11. gr.

Heimilt er að senda saman tilkynningu um lok veiða sbr. 9. gr. og um komu í athugunarstöð sbr. 10. gr. Við sendingu slíkrar tilkynningar eiga ákvæði 10. gr. við að öðru leyti en því að í stað orðsins „athugunartilkynning“ (control report), koma orðin „loka- og athugunartilkynning“ (exit and control report).

12. gr.

Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

13. gr.

Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

Norskum skipum er skylt að halda afladagbók, skv. íslenskum reglum og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknastofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

Tilkynningar samkvæmt 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku og skulu tímasetningar vera samkvæmt íslenskum tíma.

14. gr.

Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil.

Við útreikning á afla um borð í afla upp úr sjó skal margfalda með eftirtöldum umreikni-stuðlum:

	Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó		Úr slægðum í fisk upp úr sjó
	með klumbubeini	án klumbubeins	
Keila	1,47	1,56	1,11
Langa	1,41	1,50	1,19
Blálanga	1,41	1,50	1,19
Steinbítur/hlýri	1,45	1,59	1,11
Grálúða	1,39	1,42	1,09
Lúða	1,36	1,39	1,09
Karfi	1,61	1,82	1,06
Þorskur	1,55	1,70	1,19
Ýsa	1,47	1,61	1,19
Ufsi	1,39	1,49	1,19
Aðrar tegundir	1,30	1,40	1,10

15. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eypórsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2003

27. febrúar 2003

465

Nr. 136

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta
nr. 80 24. febrúar 1993.

1. gr.

Gildistími gjaldskrárinnar er framlengdur frá og með 1. mars 2003 til og með 31. desember 2003.

2. gr.

Breyting þessi sem gerð er með heimild í lögum um embættiskostnað og aukaverk presta, nr. 36/1931, tekur gildi 1. mars 2003.

Heimilt er endurskoða gjaldskrána á árinu 2003, breytist forsendur verulega.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. febrúar 2003.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Hjalti Zóphóníasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2003

Nr. 137

466

4. mars 2003

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2003.

Austursvæði (Stokksnes að 19° V).

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00'V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til kl. 10.00 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17°00'V. Þaðan í punkt 63°15'N og 17°00'V og síðan í punkt 63°05'N og 17°40'V og þaðan í réttvísandi 270° að 19°00'V.

Vestursvæði (19° V að Skor).

2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurog Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00'V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita.

Að utan markast svæðið frá 19°00' V vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti 63°33'00 N og 20°27'00 V og þaðan í punkt 63°33'00 N og 20°50'00 V og þaðan í punkt 63°47'85 N - 21°16'00 V og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skorarvita

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1. 63°05'00 N – 19°00'00 V
2. 63°05'38 N – 24°18'54 V
3. 63°35'06 N – 23°13'06 V
4. 63°36'72 N – 23°22'84 V
5. 63°39'65 N – 23°28'55 V
6. 64°43'72 N – 24°12'83 V
7. 64°43'72 N – 24°25'57 V

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skor.

Önnur friðunarsvæði þorsks.

3. gr.

Frá kl. 10.00 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Hornbjargsvita austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

Skarkolasvæði.

4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Selvogsbanki:

1. 63°40'00 N – 21°00'00 V
2. 63°31'00 N – 20°10'00 V
3. 63°22'00 N – 20°30'00 V
4. 63°20'00 N – 20°50'00 V

B. Hafnarleir:

1. 64°05'00 N – 23°15'00 V
2. 64°05'00 N – 22°54'00 V
3. 63°50'00 N – 22°53'00 V
4. 63°50'00 N – 22°57'00 V
5. 64°00'00 N – 23°20'00 V

C. Breiðafjörður:

1. 65°16'00 N – 23°27'00 V
2. 65°10'00 N – 23°27'00 V
3. 65°00'00 N – 24°20'00 V
4. 65°05'00 N – 24°37'00 V

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóngi og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet.

1. gr.

Við 2. gr. bætast tveir málslíðir er orðist svo: Frá og með 1. apríl 2003 er óheimilt að nota til veiða þorskfisknet með stærri möskva en 9 þumlungar (228,6 mm). Eftir 1. janúar 2004 er óheimilt að nota til veiða þorskfisknet með stærri möskva en 7 1/2 þumlungur (190,5 mm).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við fær-
eysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi
Íslands á árinu 2003.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu
sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og
Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05'90 N - 20°30'00 V | 11. 63°33'60 N - 14°41'70 V |
| 2. 63°11'40 N - 19°07'30 V | 12. 63°43'40 N - 13°53'00 V |
| 3. 63°07'50 N - 18°38'00 V | 13. 64°00'00 N - 13°07'00 V |
| 4. 63°09'00 N - 18°27'00 V | 14. 64°21'70 N - 12°17'30 V |
| 5. 63°07'00 N - 18°02'00 V | 15. 64°32'30 N - 11°41'00 V |
| 6. 63°12'50 N - 17°00'00 V | 16. 65°00'00 N - 11°28'00 V |
| 7. 63°20'00 N - 16°03'00 V | 17. 65°27'00 N - 11°24'00 V |
| 8. 63°22'50 N - 15°51'00 V | 18. 65°50'00 N - 11°32'00 V |
| 9. 63°26'00 N - 15°29'00 V | 19. 66°06'00 N - 11°33'00 V |
| 10. 63°30'70 N - 15°00'00 V | 20. 66°15'00 N - 12°00'00 V |

og þaðan í réttvísandi 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt
að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju
togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mán-
aðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri
veiðarfærageymslu.

4. gr.

Aðeins er þeim færeysku fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu
innan íslenskrar lögsögu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálf-
virkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd
Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að
halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn færeysku Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skip-
stjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

5. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

6. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

7. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkyning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Afli síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

8. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkyning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildarafli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. er Eftirlitsstöðinni heimilt að ákveða önnur tímamörk en þar greinir þegar skip siglir inn í íslenska lögsögu og þegar það yfirgefur lögsöguna.

10. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

11. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginna brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

12. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eftirtalin matvæli sem er ætlað að fullnægja sérstökum næringarþörfum heilsuhraustra ungbarna og smábarna, þ.e. ungbarna sem verið er að venja af brjósti og smábarna sem viðbót við mataræði þeirra og/eða þegar verið er að venja þau á almennt fæði:

- a) Tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan sem skiptist niður í eftirfarandi fjóra flokka:
- 1) Einfaldar kornblöndur sem eru hrærðar út eða hræra skal út með mjólk eða öðrum heppilegum næringarvökva;
 - 2) kornblöndur, að viðbættum próteinríkum fæðutegundum, sem eru hrærðar út eða hræra skal út með vatni eða öðrum próteinfríum vökva;
 - 3) pasta sem nota skal eftir að það hefur verið soðið í vatni eða öðrum heppilegum vökva;
 - 4) tvíbökur og kex sem neyta má beint eða mylja út í vatn, mjólk eða annan heppilegan vökva.
- b) Annan barnamat fyrir ungbörn og smábörn þar sem uppistaðan er ekki korn. Reglugerðin gildir ekki um mjólkurvörur ætlaðar börnum undir þriggja ára aldri.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

- a) *Varnarefnaleifar* eru leifar af varnarefnum, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum, að meðtöldum umbrots-, niðurbrots- og myndefnum þeirra, í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn;
- b) *ungbörn* eru börn yngri en 12 mánaða;
- c) *smábörn* eru börn á aldrinum eins til þriggja ára.

II. KAFLI

Samsetning, merkingar og markaðssetning.

3. gr.

Markaðssetning.

Óheimilt er að markaðssetja vörurnar sem um getur í 1. gr. nema þær uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.

4. gr.

Samsetning innihaldsefna.

Tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan og annar barnamat fyrir ungbörn og smábörn skal framleiddur úr innihaldsefnum sem samkvæmt niðurstöðum viðurkenndra vísindarannsókna er staðfest að henti næringarþörf ungbarna og smábarna.

Tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan skal uppfylla viðmiðanirnar um samsetningu sem eru tilgreindar í I. viðauka.

Annar barnamat fyrir ungbörn og smábörn, sem er lýst í II. viðauka, skal uppfylla viðmiðanirnar um samsetningu sem þar eru tilgreindar.

Við framleiðslu á tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn er einungis heimilt að bæta í matvælin þeim næringarefnum sem eru skráð í IV. viðauka.

5. gr.

Aðskotaefni.

Í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat skulu ekki vera nein efni í því magni sem stefnt getur heilsu ungbarna og smábarna í hættu. Þá skal hámarks-magn leifa einstakra varnarefna ekki vera meira en 0,01 mg/kg í barnamat þar sem korn er uppistaðan og öðrum barnamat fyrir ungbörn og smábörn sem er tilbúinn til neyslu eða end-

urgerður samkvæmt fyrirmælum frá framleiðanda. Nota skal staðlaðar og almennt viðurkenndar greiningaraðferðir til þess að ákvarða hámarks magn varnarefnaleifa.

6. gr.

Merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla með síðari breytingum og reglugerðar nr. 757/2002 um sérþæði með síðari breytingum skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram á umbúðum:

- a) Upplýsingar um þann aldur sem varan er ætluð fyrir með hliðsjón af samsetningu hennar, áferð og öðrum sérstökum eiginleikum. Óheimilt er að tilgreina að vara sé ætluð ungbörnum yngri en fjögurra mánaða. Heimilt er að mæla með notkun vara fyrir ungbörn frá fjögurra mánaða aldri nema óháðir aðilar með þekkingu á sviði læknisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði eða annað fagfólk, sem er ábyrgt fyrir ungbarna- og mæðravernd, ráðleggi annað;
- b) upplýsingar um hvort glúten er í vörunni eða ekki sé hún ætluð ungbörnum yngri en sex mánaða;
- c) orkugildi í kílójoulum (kJ) og kílókaloríum (kcal) ásamt prótein-, kolvetna- og fituinnihaldi. Merking næringargildis samkvæmt þessari grein skal gefin upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml vörunnar í því ástandi sem hún er seld og þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- d) fyrir sérhvert steinefni og sérhvert vítamín, sem gildi er gefið fyrir í I. og II. viðauka, skal meðalmagn gefið upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml af vöru í því ástandi sem hún er seld og, þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- e) leiðbeiningar um hvernig ber að tilreiða vöruna ef nauðsyn krefur og áminning um mikilvægi þess að fylgja þeim leiðbeiningum.

Auk þess er heimilt að eftirfarandi upplýsingar komi fram:

- a) Meðalmagn næringarefnanna sem talin eru upp í IV. viðauka komi það ekki fram samkvæmt ákvæði d-liðar 1. mgr. Meðalmagnið skal gefið upp í tölugildum í 100 g eða 100 ml af vöru í því ástandi sem hún er seld og, þar sem við á, miðað við það magn tilbúinnar vöru sem ráðlagt er að neyta;
- b) auk upplýsinga í tölum skulu koma fram upplýsingar um vítamín og steinefni sem talin eru upp í V. viðauka og skulu þær tilgreindar sem hlutfall af viðmiðunargildunum sem þar eru gefin fyrir 100 g eða 100 ml vörunnar í því ástandi sem hún er seld og þar sem við á, miðað við það magn vöru sem ráðlagt er að neyta. Þetta er að því tilskildu að magn vítamínanna og steinefnanna í vörunni sé að minnsta kosti 15% af viðmiðunargildunum.

III. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

7. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

8. gr.

Viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla (tilskipanir 1996/5/EB, 1998/36/EB og 1999/39/EB um tilbúinn barnamat úr korni eða öðru hráefni og barnamat fyrir ungbörn og smábörn). Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af I. viðauka, bókunar 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 876/2002 um barnamat fyrir ungbörn og smábörn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Varðandi vörur sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 1. september 2003 til að þær uppfylli ákvæði hennar. Að þeim tíma liðnum er sala vörunnar óheimil.

Umhverfisstofnun, 24. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

I. VIÐAUKI

Samsetning tilbúins barnamatar þar sem korn er uppistaðan og sem ætlaður er ungbörnum og smábörnum.

Kröfurnar um næringarefni eiga við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. **Korninnihald.**

Tilbúinn barnamatur þar sem korn er uppistaðan er aðallega framleiddur úr einni eða fleiri tegundum malaðs korns og/eða sterkjuríkum rótarávöxtum.

Magn korns og/eða sterkjuríkra rótarávaxta skal vera hið minnsta 25% af þurrvigt endanlegu blöndunnar.

2. **Prótein.**

2.1. Próteininnihald í vörum sem tilgreindar eru í 2. og 4. tl. a-liðar 1. gr. skal ekki vera meira en 1,3 g/100 kJ (5,5 g/100 kcal).

2.2. Magn viðbættis próteins í vörur sem tilgreindar eru í 2. tl. a-liðar 1. gr., skal ekki vera minna en 0,48 g/100 kJ (2 g/100 kcal).

2.3. Magn próteinríkra fæðutegunda, sem notaðar eru við framleiðslu á kexi, sbr. 4. tl. a-liðar 1. gr., og eru kynntar sem slíkar skal ekki vera minna en 0,36 g/100 kJ (1,5/100 kcal).

2.4. Efnastuðull viðbættis próteins skal vera að minnsta kosti 80% af viðmiðunarpróteininu (kaseini, eins og það er skilgreint í III. viðauka) eða próteinorkuhlutfall (PER) próteinsins í blöndunni skal jafngilda a.m.k. 70% af próteinorkuhlutfalli viðmiðunarpróteinsins. Einungis er heimilt að bæta við amínósýrum í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinblöndunnar og þá aðeins í þeim hlutföllum sem nauðsynleg eru til þess að ná því markmiði.

3. **Kolvetni.**

- 3.1. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt út í vörunar sem um getur í 1. og 4. tl. a-liðar 1. gr. skal:
- Magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,8 g/100 kJ (7,5 g/100 kcal);
 - magn viðbætts frúktósa ekki vera meira en 0,9 g/100 kJ (3,75 g/100 kcal).
- 3.2. Ef súkrósa, frúktósa, glúkósasírópi eða hunangi er bætt út í vörunar sem um getur í 2. tl. a-liðar 1. gr. skal:
- Magn viðbættra kolvetna af þessum uppruna ekki vera meira en 1,2 g/100 kJ (5 g/100 kcal);
 - magn viðbætts frúktósa ekki vera meira en 0,6 g/100 kJ (2,5 g/100 kcal).

4. **Fituefni.**

- 4.1. Innihald fituefna í vörum sem eru tilgreindar í 1. og 4. tl. a-liðar 1. gr., skal ekki vera meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kcal).
- 4.2. Innihald fituefna í vörum sem eru tilgreindar í 2. tl. a-liðar 1. gr. skal ekki vera meira en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kcal). Ef innihald fituefna er meira en 0,8 g/100 kJ (3,3 g/100 kcal) skal:
- Magn lársýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna;
 - magn mýristínsýru ekki vera meira en 15% af heildarinnihaldi fituefna;
 - magn línólsýru (á formi glýseríða = línóleata) ekki vera minna en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kcal) og ekki meira en 285 mg/100 kJ (1200 mg/100 kcal).

5. **Steinefni.**

- 5.1. *Natríum.*
Einungis er heimilt að bæta við natríumsöltum í tilbúinn barnamat, þar sem uppistaðan er korn, í tæknilegum tilgangi. Magn natríums í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan skal ekki vera meira en 25 mg/100 kJ (100 mg/100 kcal).
- 5.2. *Kalsíum.*
5.2.1. Magn kalsíums í vörum sem tilgreindar eru í 2. tl a-liðar 1. gr. skal ekki vera minna en 20 mg/100 kJ (80 mg/100 kcal).
- 5.2.2. Magn kalsíums í vörum sem tilgreindar eru í 4. tl a-liðar 1. gr. og sem framleiddar eru með viðbót af mjólk (mjólkurkex) og kynntar sem slíkar, skal ekki vera minna en 12 mg/100 kJ (50 mg/100 kcal).

6. **Vítamín.**

- 6.1. Í tilbúnum barnamat þar sem korn er uppistaðan skal magn þíamíns vera að minnsta kosti 25 µg/100 kJ (100 µg/100 kcal).
- 6.2. Fyrir vörur sem tilgreindar eru í 2. tl a-liðar 1. gr. gildir eftirfarandi:

	Í 100 kJ		Í 100 kcal	
	Lágmark	Hámark	Lágmark	Hámark
A-vítamín (µg RJ) ⁽¹⁾	14	43	60	180
D-vítamín (µg) ⁽²⁾	0,25	0,75	1	3

⁽¹⁾ RJ = altrans-retínóljafngildi.

⁽²⁾ Sem kólekalšíferól, þar af 10 µg = 400 alþjóðaeiningar (a.e.) af D-vítamíni.

Þessi mörk gilda einnig um annan tilbúinn barnamat þar sem korn er uppistaðan og sem A- og D-vítamíni er bætt í.

II. VIÐAUKI

Samsetning barnamatar fyrir ungbörn og smábörn.

Kröfunar um næringarefni eiga við um vörur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

1. **Prótein.**

- 1.1. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar eru einu efnisþættirnir sem tilgreindir eru í heiti vörunnar, þá skal:
 - a) Hver tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 40% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd tilgreindra próteingjafa;
 - c) heildarpróteinið úr tilgreindum próteingjöfum vera að minnsta kosti 1,7 g/100 kJ (7 g/100 kcal).
- 1.2. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða til samans, er tilgreint fremst í heiti vörunnar, hvort sem varan er sett fram sem máltíð eða ekki, þá skal:
 - a) Hver tegund af kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 10% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd próteingjafanna;
 - c) próteinið úr tilgreindum próteingjöfum vera að minnsta kosti 1 g/100 kJ (4 g/100 kcal).
- 1.3. Ef kjöt, alifuglar, fiskur, innmatur eða aðrir hefðbundnir próteingjafar, hver fyrir sig eða til samans, er tilgreint í heiti vörunnar, en þó ekki alveg fremst, gildir eftirfarandi hvort sem varan er kynnt sem máltíð eða ekki:
 - a) Hver tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum skal vega samanlagt að minnsta kosti 8% af heildarþyngd vörunnar;
 - b) hver einstök tegund af tilgreindu kjöti, alifuglum, fiski, innmat eða öðrum hefðbundnum próteingjöfum skal vega samanlagt að minnsta kosti 25% af heildarþyngd próteingjafanna;
 - c) próteinið úr tilgreindum próteingjöfum skal vega að minnsta kosti 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kcal);
 - d) heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, skal vera að minnsta kosti 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal).
- 1.3.1. Ef ostur er tilgreindur ásamt öðrum innihaldsefnum í nafni bragðmikillar vöru, hvort sem varan er talin vera máltíð eða ekki, þá skal:
 - a) Próteinið úr mjólkurvörunum vera 0,5 g/100 kJ (2,2 g/100 kcal) hið minnsta;
 - b) heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal) hið minnsta.
- 1.4. Ef fram kemur á merkimiða að líta ber á vöruna sem máltíð en hvergi er minnst á kjöt, alifugla, fisk, innmat eða aðra hefðbundna próteingjafa í heiti hennar þá skal:
 - a) Heildarmagn próteins í vörunni, frá öllum próteingjöfum, vera að minnsta kosti 0,7 g/100 kJ (3 g/100 kcal).
- 1.4.1. Sósur, sem eru tilgreindar sem meðlæti með mat, eru undanþegnar kröfunum í lið 1.1 til 1.4, að báðum meðtöldum.

- 1.4.2. Í eftirréttnum, þar sem mjólkurvörur eru tilgreindar sem fyrstu eða einu innihaldsefnin í heitinu, skal mjólkurprótein vera 2,2 g/100 kcal hið minnsta. Allir aðrir eftirréttnir eru undanþegnir kröfunum í lið 1.1 til 1.4.
- 1.5. Einungis er heimilt að bæta amínósýrum við í þeim tilgangi að auka næringargildi próteinblöndunnar og þá aðeins í þeim hlutföllum sem nauðsynleg eru til þess að ná því markmiði.
2. **Kolvetni.**
- 2.1. Heildarmagn kolvetna í aldinsafa, grænmetissafa og nektarsafa, hreinum ávaxtaréttum, eftirréttnum og búðingum skal ekki vera meira en:
- 10 g/100 ml fyrir grænmetissafa og drykki sem byggjast á þeim;
 - 15 g/100 ml fyrir aldinsafa og nektarsafa og drykki sem byggjast á þeim;
 - 20 g/100 g fyrir hreina ávaxtarétti;
 - 25 g/100 g fyrir eftirréttni og búðinga;
 - 5 g/100 g fyrir aðra drykki sem innihalda ekki mjólk.
3. **Fita.**
- 3.1. Eftirfarandi á við um vörur sem vísað er til í lið 1.1. í þessum viðauka: Ef kjöt eða ostur eru einu efnisþættimur eða þeir tilgreindir fremst í heiti vörunnar þá skal heildarmagn fitu úr öllum fitugjöfum ekki vera meira en 1,4 g/100 kJ (6 g/100 kcal).
- 3.2. Í öllum öðrum vörum skal heildarmagn fitu úr öllum fitugjöfum ekki vera meira en 1,1 g/100 kJ (4,5 g/100 kcal).
4. **Natríum.**
- 4.1. Endanlegt magn natríums í vöru skal annaðhvort ekki vera meira en 48 mg/100 kJ (200 mg/100 kcal) eða ekki meira en 200 mg á 100 g. Ef ostur er eini tilgreindi efnisþátturinn í heiti vörunnar skal endanlegt natríummagn vörunnar þó ekki vera meira en 70 mg/100 kJ (300 mg/100 kcal).
- 4.2. Ekki má bæta natríumsöltum í vörur, sem gerðar eru úr ávöxtum, eða í eftirréttni og búðinga nema í tæknilegum tilgangi.
5. **Vítamín.**
- 5.1. C-vítamín.
- Endanlegt magn C-vítamíns í aldinsafa, nektarsafa eða grænmetissafa skal annaðhvort vera að minnsta kosti 6 mg/100 kJ (25 mg/100 kcal) eða að minnsta kosti 25 mg á 100 g.
- 5.2. A-vítamín.
- Endanlegt magn A-vítamíns í grænmetissafa skal vera að minnsta kosti 25 µg RJ/100 kJ (100 µg RJ/100 kcal) ⁽¹⁾;
 - ekki má bæta A-vítamíni í annan barnamat en um getur í viðauka þessum.
- 5.3. D-vítamín.
- Ekki má bæta D-vítamíni í barnamat.

⁽¹⁾ RJ = altransretínóljafngildi.

III. VIÐAUKI
Aminósýrusamsetning kaseins.

(g í 100 g próteins)

Argínín	3,7
Systín	0,3
Histidín	2,9
Ísóleusín	5,4
Leusín	9,5
Lýsín	8,1
Metíónín	2,8
Fenýlalanín	5,2
Preónín	4,7
Trýptófan	1,6
Týrósín	5,8
Valín	6,7

IV. VIÐAUKI
Næringarefni.

1. **Vítamín.**
- | | |
|-------------------------------|--|
| <i>A-vítamín</i> | Natríum-D-pantóþenat |
| Retínól | Dexpanþenól |
| Retínýlasetat | <i>Fólat</i> |
| Retínýlpalmítat | Fólínsýra |
| Beta-karótín | |
| <i>D-vítamín</i> | <i>B12-vítamín</i> |
| D2-vítamín (= ergókalsíferól) | Sýanókóbalamín |
| D3-vítamín (kólekalsíferól) | Hýdroxókóbalamín |
| <i>B1-vítamín</i> | <i>Bíótín</i> |
| Þíamínhýdróklóríð | D-bíótín |
| Þíamínmónónítrat | |
| <i>B2-vítamín</i> | <i>C-vítamín</i> |
| Ríbóflavín | L-askorbínsýra |
| Natríumríbóflavín-5'-fosfat | Natríum-L-askorbat |
| | Kalsíum-L-askorbat |
| <i>Níásín</i> | 6-palmítýl-L-askorbínsýra (askorbýlpalmítat) |
| Nikótínamið | Kalíumaskorbat |
| Nikótínsýra | |
| <i>B6-vítamín</i> | <i>K-vítamín</i> |
| Pýridoxínhýdróklóríð | Fýllókínon (fýttómenadíon) |
| Pýridoxín-5-fosfat | |
| Pýridoxíndípalmítat | <i>E-vítamín</i> |
| <i>Pantóþensýra</i> | D-alfa-tókkóferól |
| Kalsíum-D-pantóþenat | DL-alfa-tókkóferól |
| | D-alfa-tókkóferólasetat |
| | DL-alfa-tókkóferólasetat |

2. **Aminósýrur.**

L-arginín
 L-sýstín
 L-histidín
 L-ísóleusín
 L-leusín
 L-lýsín
 L-sýstín
 L-metíónín
 L-fenýlalanín
 L-þreónín
 L-trýptófan
 L-týrósín
 L-valín

} og hýdróklóríð þeirra

Kalíum

Kalíumklóríð
 Kalíumsalt af sítrónusýru
 Kalíumglúkonat
 Kalíumlaktat
 Kalíumglýserófosfat

Járn

Ferrósítrat
 Ferríammoníumsítrat
 Ferróglúkonat
 Ferrólaktat
 Ferrósúlfat
 Ferrófúmarat
 Ferrídífosfat (ferrípýrófosfat)
 Járn (karbonýl + raflausn + vetnis-
 afoxað)
 Ferrísakkarat
 Natríumferrídífosfat
 Ferrókarbónat

Kopar

Kopar-lýsínflóki
 Kúprikarbónat
 Kúprísítrat
 Kúpríglúkonat
 Kúprísúlfat

Sink

Sinkasetat
 Sinkklóríð
 Sinksítrat
 Sinklaktat
 Sinksúlfat
 Sinkoxíð
 Sinkglúkonat

Mangan

Mangankarbónat
 Manganklóríð
 Mangansítrat
 Manganglúkonat
 Mangansúlfat
 Manganglýserófosfat

Joð

Natríumjoðið
 Kalíumjoðið
 Kalíumjoðat
 Natríumjoðat

3. **Annað.**

Kólín
 Kólínklóríð
 Kólínsítrat
 Kólínbítartrat
 Inósítól
 L-karnítín
 L-karnítínhýdróklóríð

4. **Sölt steinefna og snefilefni.***Kalsíum*

Kalsíumkarbónat
 Kalsíumklóríð
 Kalsíumsalt af sítrónusýru
 Kalsíumglúkonat
 Kalsíumglýserófosfat
 Kalsíumlaktat
 Kalsíumoxíð
 Kalsíumhýdroxíð
 Kalsíumsölt af ortófosfórsýru

Magnesíum

Magnesíumkarbónat
 Magnesíumklóríð
 Magnesíumsalt af sítrónusýru
 Magnesíumglúkonat
 Magnesíumoxíð
 Magnesíumhýdroxíð
 Magnesíumsölt af ortófosfórsýru
 Magnesíumsúlfat
 Magnesíumlaktat
 Magnesíumglýserófosfat

V. VIÐAUKI
Viðmiðunargildi fyrir næringargildismerkingar á barnamat
fyrir ungbörn og smábörn.

Næringarefni	Ráðlagður dagskammtur (RDS) ⁽¹⁾
A-vítamín	(μ g) 400
D-vítamín	(μ g) 10
C-vítamín	(mg) 25
Þíamín	(mg) 0,5
Ríboflavín	(mg) 0,8
Níásínjafngildi	(mg) 9
B6-vítamín	(mg) 0,7
Fólat	(μ g) 100
B12-vítamín	(μ g) 0,7
Kalsíum	(mg) 400
Járn	(mg) 6
Sink	(mg) 4
Joð	(μ g) 70
Selen	(μ g) 10
Kopar	(mg) 0,4

⁽¹⁾ RDS-gildi sem hér koma fram eru viðmiðunargildi til notkunar við umbúðamerkingar og geta sem slík verið frábrugðin ráðlögðum dagskömmtum gefnum út af Manneldisráði Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.

VI. VIÐAUKI
Hámarks magn fyrir vítamín, steinefni og snefilefni ef þeim er bætt
út í barnamat þar sem korn er uppistaðan og annan barnamat
fyrir ungbörn og smábörn.

Kröfurnar varðandi næringarefnin eiga við vörur tilbúnar til neyslu sem eru markaðssettar sem slíkar eða endurgerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, að undanskildu kalíum og kalsíum þar sem kröfurnar eiga við um selda vöru.

Næringarefni	Hámark í 100 kcal
A-vítamín (μg RJ) ⁽¹⁾	180 ⁽⁴⁾
E-vítamín (mg a-TJ) ⁽²⁾	3
C- vítamín (mg)	12,5/25 ⁽⁵⁾ /125 ⁽⁶⁾
Þíamín (mg)	0,25/0,5 ⁽⁷⁾
Ríbóflavín (mg)	0,4
Níásín (mg NJ) ⁽³⁾	4,5
Vítamín B6 (mg)	0,35
Fólínsýra (1 μg)	50
Vítamín B12 (μg)	0,35
Pantóþensýra (mg)	1,5
Bíótín (μg)	10
Kalíum (mg)	160
Kalsíum (mg)	80/180 ⁽⁸⁾ /100 ⁽⁹⁾
Magnesium (mg)	40
Járn (mg)	3
Sink (mg)	2
Kopar (μg)	40
Joð (μg)	35
Mangan (mg)	0,6

⁽¹⁾ Retinóljafngildi; 1 RJ = 1 μg retinól eða 6 μg beta-karótín.

⁽²⁾ alfa-tóköferoljafngildi; 1 alfa-TJ = 1 mg d-alfa-tóköferol.

⁽³⁾ Níásínjafngildi; 1 NJ = 1 mg níásín eða 60 mg tryptófan.

⁽⁴⁾ Í samræmi við ákvæði í I. og II. viðauka.

⁽⁵⁾ Mörk sem gilda um vörur sem eru járnbættar.

⁽⁶⁾ Mörk sem gilda um rétti sem byggjast á aldinum, aldinsafa, nektarsafa og grænmetissafa.

⁽⁷⁾ Mörk sem gilda um barnamat þar sem korn er uppistaðan.

⁽⁸⁾ Mörk sem gilda um vörur sem um getur í i- og ii-lið a-liðar 1. gr.

⁽⁹⁾ Mörk sem gilda um vörur sem um getur í iv-lið a-liðar 1. gr.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2002/2003.

1. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. bætist: kolmunn 0,05.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/2003 um reglur um endurskoðun á fyrirframgreiðslu þingjalda á árinu 2003.

1. Frestur vegna umsókna um lækkun á fyrirframgreiðslu ársins 2003 er til 15. apríl nk. Umsóknir ásamt gögnum skulu því í síðasta lagi hafa verið póstlagðar til skattstjóra í umdæmi umsækjanda fyrir lok umsóknarfrests.
2. Forsendur fyrir lækkun fyrirframgreiðslunnar eru þær að skattstofnar vegna tekjuársins 2002 hafi lækkað um a.m.k. 25% frá tekjuárinu 2001 og að álögð gjöld 2003 muni að lágmarki verða 20.000 kr. lægri en við álagningu 2002.
3. Umsækjanda ber að sýna fram á forsendur lækkunar með skattframtali 2003 ásamt lögboðnum fylgiskjölum. Ársreikningar skulu fylgja skattframtölum rekstraraðila. Hafi umsækjandi skilað rafrænu framtali 2003 ásamt fylgigögnum er nægjanlegt að vísa til þess í umsókninni.
4. Ákvörðun skattstjóra er kæránleg til ríkisskattstjóra innan 15 daga frá dagsetningu úrskurðar.
5. Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 939/2002.

Reykjavík, 27. febrúar 2003.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

Steinþór Haraldsson.

AUGLÝSING

um almennar kosningar til Alþingis.

Með vísan til 45. gr. stjórnskipunarlaganna nr. 56 31. maí 1991, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. og 20. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000, er hér með ákveðið að almennar reglulegar kosningar til Alþingis skulu fara fram 10. maí 2003.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. febrúar 2003.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Anna Sigríður Arnardóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 499/2002, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Í stað tölunnar „65“ í 2. gr. reglna nr. 499/2002, sem fjallar um fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild, komi: 75.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu hjúkrunarfræðideildar, og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 14. febrúar 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

REGLUGERÐ

um veitingu sérfræðileyfa í sjúkraþjálfun.

1. gr.

Rétt til að kalla sig sérfræðing í sjúkraþjálfun og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

2. gr.

Umsókn um sérfræðileyfi ásamt gögnum sem staðfesta menntun og starfsreynslu skal senda til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis.

3. gr.

Áður en sérfræðileyfi í sjúkraþjálfun er veitt skal leita umsagnar þriggja manna sérfræðinefndar sem ráðherra skipar. Í nefndinni skal vera einn fulltrúi tilnefndur af Félagi íslenskra sjúkraþjálfara, einn tilnefndur af sjúkraþjálfunarskor Háskóla Íslands og einn tilnefndur af landlækni.

4. gr.

Til þess að sjúkraþjálfari geti átt rétt á að öðlast sérfræðileyfi á klínískum sérsviðum sjúkraþjálfunar, skal hann fullnægja eftirtöldum kröfum:

1. Hann skal hafa hlotið starfsleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1976, um sjúkraþjálfun.
2. Hann skal hafa lokið meistaranámi eða doktorsprófi frá háskóla sem heilbrigðisyfirvöld viðurkenna eða hafa sambærilega menntun. Skilyrt er að námið hafi að stærstum hluta verið innan þeirrar sérgreinar eða þess sérsviðs sem sótt er um sérfræðileyfi í og handleiðsla fengin á því sérsviði. Til að sambærileg menntun sé metin til jafns við meistaraþróf eða doktorsþróf þarf umsækjandi að hafa lokið prófi á klínísku sérsviði sjúkraþjálfunar, þar sem námið var að lágmarki 45 einingar eins og þær

eru skilgreindar við Háskóla Íslands. Umsækjandi þarf að sýna fram á þekkingu á rannsóknarvinnu m.a. með því að hafa tekið námskeið í aðferðafræði og tölfraði.

3. Hann skal hafa starfað sem sjúkraþjálfari í tvö ár í fullu starfi á viðkomandi sérsviði að loknu sérnámi.

Hafi umsækjandi um sérfræðileyfi ekki fengið handleiðslu á sínu klíníska sérsviði í sérnámi þarf annað árið af tveimur eftir sérfræðináám skv. 3. tölulíð að vera undir handleiðslu sérfræðings á sama sérsviði eða í þverfaglegu samstarfi heilbrigðisstétta.

5. gr.

Sérfræðileyfi má veita á eftirfarandi klínískum sérsviðum sjúkraþjálfunar:

- Bæklunarsjúkraþjálfun
- Geðsjúkraþjálfun
- Gigtarsjúkraþjálfun
- Heilsugæslu- og vinnuvernd
- Hjartasjúkraþjálfun
- Greiningu og meðferð á hrygg og útlimaliðum „Manuel Terapy“
- Lungnasjúkraþjálfun
- Meðgöngu- og fæðingarsjúkraþjálfun
- Taugasjúkraþjálfun
- Öldrunarsjúkraþjálfun
- Íþróttasjúkraþjálfun
- Gjörgæslusjúkraþjálfun

Heimilt er að tilgreina sérsvið eða sérgrein sem viðkomandi hefur sérhæft sig í innan framangreindra aðalgreina. Leyfilegt er að veita sérfræðileyfi á öðrum sérsviðum mæli sérfræðinefnd, sbr. 3. gr., með því.

6. gr.

Sérfræðingur sem hlýtur sérfræðileyfi samkvæmt reglugerð þessari skal endurnýja það á tíu ára fresti og staðfesta að hann starfi innan síns sérsviðs og hafi viðhaldið þekkingu sinni í þeirri sérgrein eða á því sérsviði sem hann hefur sérfræðileyfi í.

Sérfræðinefnd skv. 3. gr. skal setja sér vinnureglur um mat á viðhaldi þekkingar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 24/1985 og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 318/2001. Reglugerð þessa skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sjúkraþjálfarar sem uppfylla öll ákvæði reglugerðar þessarar til að öðlast sérfræðileyfi að undanskildum 2. tölulíð 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. geta sótt um undanþágu frá þeim ákvæðum ef sótt er um sérfræðiviðurkenningu fyrir árslok 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um togveiðar á kolmunna 2003.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lögsögum þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu 2003 er íslenskum skipum heimilt að veiða 318 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslensku fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05'90 N - 20°30'00 V | 11. 63°33'60 N - 14°41'70 V |
| 2. 63°11'40 N - 19°07'30 V | 12. 63°43'40 N - 13°53'00 V |
| 3. 63°07'50 N - 18°38'00 V | 13. 64°00'00 N - 13°07'00 V |
| 4. 63°09'00 N - 18°27'00 V | 14. 64°21'70 N - 12°17'30 V |
| 5. 63°07'00 N - 18°02'00 V | 15. 64°32'30 N - 11°41'00 V |
| 6. 63°12'50 N - 17°00'00 V | 16. 65°00'00 N - 11°28'00 V |
| 7. 63°20'00 N - 16°03'00 V | 17. 65°27'00 N - 11°24'00 V |
| 8. 63°22'50 N - 15°51'00 V | 18. 65°50'00 N - 11°32'00 V |
| 9. 63°26'00 N - 15°29'00 V | 19. 66°06'00 N - 11°33'00 V |
| 10. 63°30'70 N - 15°00'00 V | 20. 66°15'00 N - 12°00'00 V |

og þaðan í réttvísandi 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, ræki-lega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin,

um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur bún-
aður starfi eðlilega.

7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan fær-
esku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukku-
stundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafila í
viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kol-
munnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu
hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

9. gr.

Kolmunnaafila skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi
Fiskistofu að landa kolmunnaafila til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda
liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu.

Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun
sjávarafila með síðari breytingum.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151,
27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí
1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fisk-
veiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með
síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut
eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 438, 22. júní 1999, um togveiðar
á kolmunna með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. febrúar 2003.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf o.fl.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 25. febrúar 2003 staðfest samning, dags. 17. febrúar 2003, sem undirritaður er af fulltrúum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, um breytingu á mörkum sveitarfélaganna við Blesugróf o.fl.

Samkvæmt samningnum breytast mörk sveitarfélaganna þannig að hluti Blesugrófar, 1,04 ha lands, sem nú tilheyrir Kópavogi, verður framvegis innan marka Reykjavíkurborgar. Á móti munu 2,37 ha lands, sem nú tilheyrir Reykjavík, verða innan marka Kópavogsbæjar. Breyting staðarmarkanna er sýnd með hnitum í hnitaskrá Reykjavíkurborgar frá 1951 á uppdrætti, sem telst hluti samningsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. febrúar 2003.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

SAMÞYKKT

Bláskógabyggðar um sorpflutninga og sorpeyðingu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Bláskógabyggð annast gámaflutninga og sorpeyðingu í sveitarfélaginu og sorphirðu á tilgreindum stöðum. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með sorpeyðingunni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd gámaflutninga, sorpeyðingar og sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Sorpflutningar og sorpeyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast flutning sorps og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber hann ábyrgð á móttöku spilliefna og meðferð landbúnaðarplasts og brotajárns.

3. gr.

Gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi og járnri skal komið fyrir í sérmerкта gáma. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sorpeyðingar og framkvæmdaraðila sorpflutninga, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal auglýst árlega. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

II. KAFLI

Sorpeyðingargjöld.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorpflutninga skal koma henni skriflega á framfæri til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

7. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. febrúar 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.

Við 7. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Sé notuð 120 faðma ófelld slanga er heimilt að vera með helmingi færri net í sjó.

2. gr.

Við 9. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo: Skylt er að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa, sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

GJALDSKRÁ

Byggðasamlags skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

- Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*
Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.000 og skal það bundið vísitölu byggingarkostnaðar og miðast við grunnvísitölu 1. janúar 2003.
Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirliti sem skylt er að framkvæma. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.
- Gjaldddagi.*
Greiða skal framkvæmdaleyfisgjald við útgáfu leyfis, þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.
- Innheimta gjalda.*
Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi lóð eða fasteign sem við getur átt og má innheimta áfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.1. *Fjárhæðir og grundvöllur gjalda.*

Fyrir útgáfu byggingaleyfis greiðist	5.000 kr.
Íbúðarhús	28.000 kr.
Íbúð í sambýlishúsi/fjölbýlishúsi	20.000 kr.
Frístundahús að 60 m ²	12.000 kr.
Frístundahús yfir 60 m ² veiðihús og hliðstæð	18.000 kr.
Bílskúr/bílskýli/bátaskýli og áþekk hús	14.000 kr.
<i>Skrifstofu/verslunar hótél og hliðstæð hús</i>	
Að 100 m ² hver hæð í húsi	20.000 kr.
100 til 200 m ² hver hæð í húsi	60.000 kr.
200 til 500 m ² hver hæð í húsi	80.000 kr.
500 til 800 m ² hver hæð í húsi	120.000 kr.
<i>Gripahús</i>	
Að 100 m ²	15.000 kr.
100 til 200 m ²	20.000 kr.
200 til 500 m ²	45.000 kr.
500 til 800 m ²	95.000 kr.
800 til 2000 m ²	200.000 kr.
2000 til 4000 m ²	450.000 kr.
<i>Óeinangraðar geymslur/hlöður og áþekk hús,</i>	
Að 100 m ²	10.000 kr.
100 til 200 m ²	15.000 kr.
200 til 500 m ²	24.000 kr.
500 til 800 m ²	48.000 kr.
800 til 2000 m ²	112.000 kr.
2000 til 4000 m ²	240.000 kr.
<i>Smágeymslur/stækkanir/ undir 20 m²</i>	6.000 kr.
Fyrir hverja úttekt greiðist	4.500 kr.
Mælingu lóðar	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi á lóð	26.000 kr.
Mæling fyrir húsi í sveit á lögbýli án lóðar	13.600 kr.
Fyrir byggingarvottorð	5.000 kr.
Stöðuleyfi eitt ár í senn	5.000 kr.

Fyrir yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis kr. 5.000 til 50.000 eftir umfangi og greiðist við afhendingu gagna.

Fjárhæðir eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar. Miðað er við vísitölu byggingarkostnaðar grunnvísitölu 1. janúar 2003.

2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjöld, úttektargjöld og mælingargjöld skal greiða við útgáfu byggingarleyfis. Þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið þessarar gjaldskrár fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Byggingarleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af stjórn samlags um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis og staðfest af viðkomandi sveitarstjórnnum samkvæmt lögum nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 401/1998.

Gjaldskráin kemur í stað eldri gjaldskrár nr. 109/2002 og öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Hrossholti, 27. febrúar 2003.

Ólafur K. Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUR

um íslensku UNESCO-nefndina.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningar-
málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural
Organization - UNESCO).

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vera ríkisstjórninni og sendinefnd Íslands á aðalráðstefnu
UNESCO til ráðuneytis í málum er varða UNESCO og tengiliður milli UNESCO og
íslenskra mennta-, vísinda- og annarra menningarstofnana.

3. gr.

Nefndin annast upplýsingastarfsemi um málefni UNESCO á Íslandi og hefur samvinnu
við aðrar íslenskar nefndir sem starfa að málefnum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana
þeirra.

4. gr.

Nefndin getur að eigin frumkvæði tekið til meðferðar hvert það verkefni sem telja má
í verkahring UNESCO og brýtur ekki í bága við ákvarðanir og stefnu Íslendinga í utanrík-
ismálum.

Þegar nefndin fjallar um önnur mál en þau sem einungis varða UNESCO, má einnig
kveðja á fund aðila sem ekki eiga sæti í nefndinni.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefndina til fjögurra ára að undanteknum fulltrúa um mál-
efni ungs fólks sem skal skipaður til tveggja ára.

Formaður, ritari og fjórir nefndarmenn að auki skulu skipaðir án tilnefningar, en þess
skal jafnan gætt að einn þeirra sé sérfróður um skólamál, annar um vísindi, þriðji um menn-
ingarmál, fjórði um fjölmiðlun og upplýsingamál og fimmti um málefni ungs fólks.

Einn nefndarmanna skal skipaður samkvæmt tilnefningu utanríkisráðuneytisins.

Ráðherra getur, með samþykki utanríkisráðuneytisins, breytt fjölda nefndarmanna.

6. gr.

UNESCO-nefndin má leita aðstoðar sérfræðinga í einstökum málum og einnig er henni heimilt að kjósa sérnefndir og fela þeim að annast athugun og meðferð mála, þegar henta þykir.

7. gr.

Ritari nefndarinnar er starfsmaður menntamálaráðuneytisins.

8. gr.

Skipun sendinefndar Íslands á aðalráðstefnu UNESCO heyrir undir utanríkisráðuneytið.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 34 frá 17. janúar 1990 og óbirtar reglur frá 3. október 1997.

Menntamálaráðuneytinu, 18. febrúar 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Sævangs 35 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. desember 2002 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðahverfi í Norðurbæ“ vegna Sævangs 35 í Hafnarfirði.

Farið var með breytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 24. febrúar 2003.

Hafdís Hafliðadóttir skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

5. gr. liður 5.5.3 a), orðist svo:

5.5.3 Víkingalottó:

a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. grein. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,040 Evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi Evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja á eftirtöldum stöðum:

- á hluta Þinghóltsstrætis, gegnt Bókhöðustíg
- á Vitastíg að vestanverðu, frá Skúlagötu að Hverfisgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. febrúar 2003.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018,
verslunar- og þjónustulóðir í og við Giljahverfi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. febrúar 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst annars vegar í stækkun verslunar- og þjónustusvæðis við gatnamót Hlíðarbrautar og Borgarbrautar og hins vegar í breytingu á landnotkun úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðarsvæði við gatnamót Merkgíls og Kiðagíls.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. febrúar 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUR

um rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Rannsóknarnámsnefnd.

Rannsóknarnámsnefnd félagsvísindadeildar fer með þau málefni rannsóknarnáms við deildina sem deildin felur henni. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að huga að almennri stefnu-
mótun í málefnum rannsóknarnáms í félagsvísindadeild, fjalla um umsóknir og sinna öðrum
málum sem deildin kann að fela henni. Í rannsóknarnámsnefnd eiga sæti fulltrúar skora deild-
arinnar og skulu þeir valdir til tveggja ára í senn.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur um rannsóknarnám við félagsvísindadeild er ákveðinn í deildarráði í febrúar ár hvert og skal birtur á heimasíðu deildar. Ákveði félagsvísindadeild að heimila inn-
ritun framhaldsnema á vormisseri skal sá umsóknarfrestur vera til 15. september.

3. gr.

Meðferð umsókna.

3.1. Nám samkvæmt námsleiðum.

Skipulagt meistaranám er í nokkrum greinum félagsvísindadeildar. Því er lýst í kennslu-
skrá.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Sótt er um inngöngu í námið til félagsvísindadeildar.
- b) Umsóknir fara til umsagnar hjá viðkomandi skor. Komi upp álitamál við afgreiðslu
umsókna skal skorin leita álits rannsóknarnámsnefndar. Eftir umfjöllun skorar eru
umsóknir afgreiddar í deildarráði.
- c) Að lokinni afgreiðslu í deildarráði skal niðurstaðan tilkynnt umsækjanda. Afgreiðslu
umsókna skal í öllum tilvikum tilkynna til nemendaskrár. Afgreiðslu umsókna skal
lokið eigi síðar en sex vikum eftir að umsóknarfrestur rann út.
- d) Umsækjandi sem félagsvísindadeild hefur heimilað innritun skal snúa sér til nem-
endaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja framhalds-
nám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráð-
gera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

3.2. Einstaklingsbundið rannsóknarnám.

Einstaklingsbundið rannsóknarnám til meistara- eða doktorsprófs er hægt að stunda í
greinum félagsvísindadeildar.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Umsækjandi finnur sér leiðbeinanda meðal fastra kennara í félagsvísindadeild.
- b) Sótt er um inngöngu í námið til félagsvísindadeildar.
- c) Umsókninni skulu fylgja drög að námsáætlun, lýsing á rannsóknarverkefni og rann-
sóknaráætlun. Þegar sótt er um doktorsnám skal fimm til tíu blaðsíðna lýsing á rann-
sóknarverkefni fylgja umsókninni.
- d) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við
námið (t.d. til Rannsóknarnámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau
fylgja umsóknum.
- e) Eftir umfjöllun í rannsóknarnámsnefnd eru umsóknir afgreiddar í deildarráði. Deild-

arráð synjar umsækjanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur eða samþykkir umsóknina og tilkynnir niðurstöðu bréflaga.

- f) Afgreiðslu félagsvísindadeildar skal tilkynna til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- g) Umsækjandi sem félagsvísindadeild hefur samþykkt í rannsóknarnám, skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja rannsóknarnám á haustmíssi skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormíssi skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.
- h) Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki deildarráðs, sem leitar umsagnar skorar og rannsóknarnámsnefndar eftir því sem efni standa til.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Umsækjendur um meistaranám og hliðstætt nám skulu að jafnaði hafa lokið B.A.-prófi frá Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi. Að jafnaði er einungis þeim veittur aðgangur að náminu sem hlotið hafa fyrstu einkunn á B.A.-prófi. Fyrsta einkunn veitir þó ekki sjálfkrafa aðgang að náminu.

Nemandi sem hefur lokið meistaraþrófi eða hliðstæðu námi frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands með fyrstu einkunn getur sótt um aðgang að doktorsnámi. Eins getur nemandi sem hefur lokið M.A.-prófi eða öðru sambærilegu prófi frá annarri deild Háskóla Íslands eða öðrum háskóla, sem deildin viðurkennir, með jafngildi fyrstu einkunnar, sótt um aðgang að doktorsnámi við félagsvísindadeild. Heimilt er að leggja fyrir nemanda inntökupróf í doktorsnám ef þurfa þykir. Heimilt er að tilgreina í kennsluskrá önnur inntökuskilyrði en þau sem hér eru nefnd.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Meistaranám og hliðstætt nám við félagsvísindadeild er 60e – fjögur misseri – eða tvö ár. Starfstengt meistaranám getur þó verið 45e samkvæmt nánari ákvörðun deildar. Doktorsritgerð við félagsvísindadeild skal metin til 90e. Gera má kröfu til að nemi í doktorsnámi taki þar að auki allt að 30e bóknámshluta, sé talin þörf á að bæta við undirstöðuþekkingu nemandans á fræðasviði ritgerðarinnar. Telja má sem hluta af doktorsritgerð sjálfstæðan verkhluta unninn á námstímanum sem rökstutt er að myndi eina heild með aðalritgerðinni, enda hafi sá sjálfstæði hluti verið birtur í viðurkenndu vísindatímariti. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

6. gr.

Samsetning námsins.

Miða skal við að meistaraþrófsritgerð eða hliðstæð verkefni séu metin til 15-30e. Slík ritgerð skal aldrei nema færri en 15e. Miða skal við að 30-45e skuli að jafnaði lokið með námskeiðum, lesnámskeiðum eða hagnýtri þjálfun. Nemandi í meistaranámi má að hámarki taka 6e í lesnámskeiðum með aðalleiðbeinanda sínum en 9e í doktorsnámi. Umsjónarmaður lesnámskeiðs skal senda til skorar yfirlit og áætlun yfir námskeiðið. Í lesnámskeiðum er við það miðað að nemandi sé að frumlesa texta og að hann skili frá sér skriflega greinargóðu yfirliti yfir meginefni textans.

7. gr.

Tengsl meistara- og doktorsnáms.

Ef nemandi ætlar að hefja doktorsnám strax að loknu M.A.-prófi getur hann sótt um það áður en hann lýkur prófi, ef fyrir liggur staðfesting viðkomandi háskóladeildar um að

hann muni væntanlega ljúka náminu áður en doktorsnám hefst. Doktorsnám getur enginn hafið fyrr en M.A.-prófi er lokið að fullu. Ekki er heimilt að nota meistaraþrófsritgerð aftur sem uppistöðu í doktorsritgerð.

8. gr.

Námskeið í grunnnámi sem hluti af framhaldsnámi.

Í vissum tilvikum getur nemendum í meistaranámi verið heimilt að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af framhaldsnámi. Rökstyðja skal sérstaklega hvers vegna slíka heimild ætti að veita og skal rannsóknarnámsnefnd meta hvort veita skuli slíka heimild og hvaða skilyrði þurfi að setja um námsmat. Heimildir til að taka námskeið í grunnnámi geta numið 6e að hámarki hjá hverjum nemanda í meistaranámi.

9. gr.

Umsjónarkennari og leiðbeinandi.

Sérhver framhaldsnemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara, úr hópi fastra kennara í viðkomandi grein, sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt nemanda, leggur fram námsáætlun sem skor samþykkir. Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í lokaverkefni. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn.

10. gr.

Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og lokaverkefnið.

Umsjónarkennari skal vera fastur kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Leiðbeiningum doktorsnema eiga þeir einir að sinna sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinandans. Leiðbeinendur meistara- og doktorsnema skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemandans á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

11. gr.

Meistaraprófs- og doktorsnefndir.

Meistaraprófsnefnd skal skipuð minnst tveimur sérfróðum mönnum og er annar þeirra umsjónarkennarinn. Heimilt er að skipa þriðja manninn í nefndina. Deildarráð skipar meistaraprófsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun, tryggja fagleg gæði rannsóknarvinnunnar í samræmi við reglur deildar og sjá um próf sem nemandinn gengst undir, ef við á. Rannsóknarnámsnefnd tilnefnir prófdómara (sbr. 12. gr.) sem ásamt meistaraprófsnefnd metur lokaverkefni. Í einstaklingsbundnu meistaranámi skal skipuð meistaranefnd um hvern nemanda, en annars er heimilt að meistaranefnd hafi umsjón fleiri nemenda með höndum. Umsjónarkennari tryggir þá að námsframvinda sé í samræmi við námsáætlun og er hann jafnframt ábyrgur fyrir faglegum gæðum námsins.

Doktorsnefnd skal skipuð þremur til fimm sérfróðum mönnum sem deildarráð skipar og skal a.m.k. einn þeirra vera utan skorar. Hlutverk doktorsnefndar er hliðstætt hlutverki meistaraprófsnefndar. Hún kveður doktorsefni á sinn fund eftir því sem þurfa þykir meðan á náminu stendur og prófar doktorsnemann í almennri fræðilegri þekkingu og rannsóknaraðferðum á viðkomandi sviði eða metur nám hans á sambærilegan hátt. Slíkt próf skal fara fram um miðbik námsins. Áður en til doktorsvarnar getur komið skilar doktorsnefndin rökstuddu álitni til deildar um það hvort veita skuli doktorsefni kost á að leggja ritgerð fram til doktorsvarnar.

Innan árs frá innritun í doktorsnám skal nemandi leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun ásamt greinargerð um rannsóknarsviðið (proposal). Náminu verður aðeins fram haldið, samþykki doktorsnefndin áætlunina.

12. gr.

Prófdómarar og andmælendur.

Prófdómari skal ávallt leggja mat á lokaverkefni meistaranema ásamt meistaraprófsnefnd. Um andmælendur við doktorsvörn gilda reglur félagsvísindadeildar. Andmælendur við doktorsvörn skulu vera tveir óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Þeir eru valdir af deildarráði að fengnum ráðum hjá viðkomandi skor. Einungis þeir sem sjálfir hafa lokið doktorsprófi geta verið andmælendur við doktorsvarnir hjá félagsvísindadeild. Annar andmælandinn skal vera utan deildar og er æskilegt að hann komi frá öðrum háskóla en hinn má vera innan deildar. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum félagsvísindadeildar og Háskóla Íslands um doktorspróf.

13. gr.

Námsmat.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaraprófsnefndar eða doktorsnefndar staðfest námsferilsyfirlit nemanda. Um einkunnir gilda ákvæði 61. og 62. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

14. gr.

Skil og frágangur lokaverkefna.

Skilafrestur lokaverkefna til prófdómara er 20. desember, 3. maí og 20. september. Fylgt skal hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra verkefna og meðferð heimilda. Koma skal skýrt fram að verkefnið sé unnið við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða Háskólans sem styrkt hafa verkefnið. Lokaverkefnum í meistaranámi og hliðstæðu námi skal skila í þremur eintökum, í kápu félagsvísindadeildar, og kostar deildin ljósritun eins eintaks. Félagsvísindadeild setur sérstakar reglur um skil doktorsritgerða. Heimilt er að nota ritgerðir nemanda og vísa á þær til heimildaöflunar. Höfundur getur þó færst undan slíku með rökstuddri skriflegri ósk til deildarráðs þar um. Öllum lokaverkefnum skal fylgja 150-200 orða útdráttur á íslensku og ensku.

15. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Heimilt er að taka hluta meistara- eða doktorsnáms við aðra háskóla. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla. Doktorsnemi sem lokið hefur B.A.- prófi og M.A.-prófi frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands skal taka hluta af námi sínu við erlendan háskóla.

16. gr.

Fyrningarreglur.

M.A.-nám skal að jafnaði taka tvö ár, nema annað komi fram í samþykktri námsáætlun. Hafi nemandi ekki lokið námi sínu þremur árum eftir að hann hóf námið getur hann sótt um eins árs framlengingu. Að þeim tíma loknum skal hann sækja um námið að nýju hyggist hann ljúka því. Doktorsnám skal að jafnaði taka þrjú ár, nema í samþykktri námsáætlun komi annað fram. Hafi nemandi ekki lokið náminu fimm árum eftir að það hófst getur hann sótt um eins árs framlengingu. Að þeim tíma loknum skal hann sækja um námið að nýju hyggist hann ljúka því.

17. gr.

Lærdómstitlar.

Lærdómstitlar á meistarastigi sem veittir eru að afloknu námi eftir þessum reglum eru *Magister artium* (M.A.), *candidatus psychologiae* (cand. psych.), *Master of Education* (M.Ed.) og *Master of Public Administration* (MPA.) en *Philosophiae Doctor* (Ph.D.) fyrir doktorspróf.

18. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í félagsvísindadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 68. og 69. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla félagsvísindadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 14. febrúar 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 170/2001 um það hvernig afla skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði.

1. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Þegar a.m.k. ein vika er liðin frá því að bréf var fyrst sent út má fylgja því eftir með einu ítrekunarbréfi eða einu ítrekunarsímtali, en aðeins þó til þeirra sem ekki hafa svarað en ekki þeirra sem hafa neitað þátttöku. Þegar a.m.k. tvær vikur eru liðnar frá slíkri ítrekun má enn fylgja málinu eftir með einu bréfi eða einu símtali. Þetta á aðeins við um þá sem aldrei hafa svarað en ekki um þá sem þegar hafa neitað þátttöku.

2. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 24. febrúar 2003.

Páll Hreinsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

GJALDSKRÁ

Framkvæmdasýslu ríkisins.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu starfsmanna Framkvæmdasýslu ríkisins skal, frá og með 1. janúar 2003, vera sem hér segir:

Tímavinna starfsmanna skrifstofu er	3.300 kr./klst.
Tímavinna sérfræðings II er	5.500 kr./klst.
Tímavinna sérfræðings I er	6.600 kr./klst.

2. gr.

Bókhaldspóknun Framkvæmdasýslu ríkisins skal vera 0,4% af veltu hvers verks sem hún hefur umsjón með.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu sem Framkvæmdasýslan veitir er sem hér segir:

Ljósritun (svart/hvít) 25 kr. hvert A4 blað og 50 kr. hvert A3 blað.

Litljósritun 150 kr. hvert A4 blað og 300 hvert A3 blað.

Akstur skal greiðast samkvæmt ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar um aksturskostnað ríkisstarfsmanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 22. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda.

Reykjavík, 29. janúar 2003.

F.h. Framkvæmdasýslu ríkisins,
Óskar Valdimarsson forstjóri.

Ofangreind gjaldskrá staðfestist hér með af fjármálaráðuneytinu.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2003 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir fjölbýlishúsum á lóðunum nr. 5 og 7 við Framnesveg.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 4. mars 2003.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi.

Sorphirðugjald pr. tunnu	kr.	6.600
Sorpeyðingargjald pr. tunnu	kr.	5.500
Samtals fyrir eina tunnu á heimili	kr.	12.100

Þeir sem hafa tvær eða fleiri tunnur á heimili greiða fyrir hverja tunnu.

Gjald fyrir móttöku á sorpi á gámasvæðinu:

	Kr./kg án vsk	Kr./kg m/vsk
Málmar og heimilistæki	5,51	6,86
Pappír, plastfólfur, dagblöð og tímarit	4,35	5,41
Mjólkurfernur, aðrar drykkjarumbúðir	4,35	5,41
Fatnaður og skór til RKÍ	0,00	0,00
Plastumbúðir, önnur plastefni	5,78	7,19
Veifaræri, net, línur og kaðlar	5,78	7,19
Timbur, húsgögn, hjólbarðar, gler o.fl.	5,78	7,19
Garðaúrgangur	2,93	3,64
Byggingaúrgangur og spilliefni	5,78	7,19
Annar úrgangur til urðunar	8,69	10,82

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 469/1999 um sorphirðu í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 14. febrúar 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1012/2001.

Djúpavogi, 15. febrúar 2003.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflíð e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 8.000 pr./hund á ári, þangað til ný gjaldskrá hefur verið samþykkt.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessarri gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er á grundvelli samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, var samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 14. febrúar 2003 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 974/2002.

Djúpavogi, 15. febrúar 2003.

Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshepps.

REGLUGERÐ

um skipan yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum.

1. gr.

Yfirlæknar eftirtalinn heilsugæslustöðva skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu umdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis.

Fyrir höfuðborgarsvæðið (Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes):

Lækningaforstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Fyrir Norðurland (Hvammstangi til og með Þórshafnar):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akureyri.

Fyrir Austurland (Vopnafjörður til og með Hornafjarðar):

Lækningaforstjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands.

Fyrir Suðurland (Kirkjubæjarklaustur til og með Þorlákshafnar ásamt Vestmannaeyjum):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar í Laugarási.

Fyrir Vesturland (Akranes til og með Búðardals ásamt Hólmavík):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Akranesi.

Fyrir Vestfirði (Patreksfjörður, Bolungarvík og Ísafjörður):

Yfirlæknir Heilsugæslunnar á Ísafirði.

Fyrir Reykjanes:

Yfirlæknir Heilsugæslu Suðurnesja.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 451/2002 um skipan heilsugæslulækna til að sinna sóttvörnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. febrúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun.

1. gr.

1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Geislunarstöðvar.

Á Íslandi skal geislun framkvæmd á viðurkenndum geislunarstöðvum sem fengið hafa leyfi Geislavarna ríkisins til að reka geislatæki. Í aðildarríkjum Evrópusambandsins viðurkenna þar til bær stjórnvöld geislunarstöðvar sem reka geislatæki. Geislunarstöðvar sem geisla matvæli skulu auk þess uppfylla ákvæði alþjóðlegra viðmiðunarreglna Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og Codex Alimentarius (CAC) (FAO/WHO/CAC, vol. XV, 1. útgáfa) um rekstur geislunarstöðva til geislunar matvæla.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný 4. mgr. sem hljóðar svo: Óheimilt er að flytja inn matvæli sem geisluð eru í geislunarstöðvum utan Evrópusambandsins nema að uppfylltum ofangreindum skilyrðum að því tilskyldu að þær séu á skrá Evrópusambandsins yfir viðurkenndar geislunarstöðvar sem mega reka geislatæki. Birtur er listi yfir þær geislunarstöðvar sem viðurkenndar eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla II. viðauka EES-samningsins (tilskipanir 2/1999, 3/1999 og 2002/840).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu

Umhverfissráðuneytinu, 25. febrúar 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um diplomanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Markmið diplománáms á meistarastigi.

Hjúkrunarfræðideild veitir menntun til diplománáms á meistarastigi á þeim sviðum þar sem aðstaða og sérþekking er fyrir hendi.

Markmið diplománámsins er að gefa hjúkrunarfræðingum á Íslandi kost á að auka færni sína og þekkingu á ýmsum fræða- og starfssviðum hjúkrunar og stuðla að því að þeir beiti gagnrýnni hugsun, sýni sérhæfða færni og forystu á hinum fjölbreytilegu sviðum hjúkrunar.

2. gr.

Umsóknarfrestur.

Umsóknarfrestur er að jafnaði til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri. Deildarstjórn er heimilt að leyfa einnig innritun á öðrum tímum að undangenginni auglýsingu.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu hjúkrunarfræðideildar á þar til gerðum eyðublöðum. Rannsóknanámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna sem berast fyrir 15. mars (vegna innritunar á haustmisseri) skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað fyrir 25. apríl. Afgreiðslu umsókna sem berast á öðrum tíma skal að jafnaði svarað innan 40 daga frá því að auglýstum umsóknarfresti lýkur.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a) Stúdent sækir um inngöngu í diplomanám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu hjúkrunarfræðideildar og á skrifstofu deildarinnar og er eyðublaðinu skilað þangað undirrituðu.
- b) Rannsóknanámsnefnd samþykkir umsóknina eða synjar og tilkynnir deildarráði um niðurstöðu. Deildarráð tilkynnir umsækjanda síðan bréflaga um niðurstöðu rannsóknanámsnefndar.
- c) Hjúkrunarfræðideild er heimilt, með samþykki háskólaráðs, að takmarka þann fjölda sem tekinn er inn í námið og fara þar m.a. eftir gæðum umsókna og tilgreindum auglýstum skilyrðum um forgang að auglýstu námi. Takmörkun í inntöku byggir á aðgangi að sérfræðiaðstöðu til náms á viðkomandi sérsviði.
- d) Afgreiðsla umsóknar í hjúkrunarfræðideild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- e) Stúdent sem rannsóknanámsnefnd hefur samþykkt í diplomanám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið eigi síðar en 31. maí.
- f) Hjúkrunarfræðideild er heimilt að fella niður áður auglýst diplomanám náist ekki lágmarksþátttaka til að tryggja fjármögnun þess.

4. gr.

Inntökuskilyrði.

Til að innritast í diplomanám við hjúkrunarfræðideild þarf stúdent að hafa lokið B.S.-prófi í hjúkrunarfræði eða öðru samsvarandi prófi og vera handhafi hjúkrunarleyfis á Íslandi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn á B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Jafnframt þarf nemandi að búa yfir góðri enskukunnáttu. Heimilt er að gera forkröfu um að umsækjandi hafi allt að tveggja ára starfsreynslu í hjúkrun.

Hjúkrunarfræðideild er heimilt að víkja frá reglunni um B.S.-próf hafi umsækjandi aflað sér sérstakra starfsréttinda eða lokið ákveðnu formlegu námi á því sviði, sem tilgreint er í auglýsingu um viðkomandi diplomanám. Við inntöku er tekið mið af: a) einkunnum, b) starfsreynslu, c) einstaklingsviðtölum og d) ummælum vinnuveitenda.

5. gr.

Einingafjöldi og tímalengd náms.

Diplomanám í hjúkrunarfræði er 20 einingar en diplomanám með starfsþjálfun er 30 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd diplomanámsins (20e) eitt námsár en að starfsþjálfun (10e) fari fram að loknum þeim námsþætti. Þá skal náminu í heild vera lokið innan þriggja ára. Heimilt er að skipuleggja nám með auglýstri námskrá sem nær yfir allt að þrjú ár þegar um er að ræða diplomanám án starfsþjálfunar. Námshraði nemenda skal vera í samræmi við auglýsta námskrá og framboð námskeiða.

6. gr.

Samsetning náms.

Námskrá skal að jafnaði skipulögð þannig að hægt sé að taka námið sem hluta af formlegu meistaranámi eða sem stakt nám sem lýkur með diplomaviðurkenningu. Samsetning námskrár diplomanáms skal vera kjarni með námskeiðum á samvöldum sérsviðum til a.m.k. 10 eininga og námskeið á sérsviði diplomanámsins til 7-10 eininga, skv. nánari útfærslu í liðum a, b og c hér á eftir. Námskrá skal á hverjum tíma vinna í náinni samvinnu við fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sérfræðinga og/eða stofnanir á viðkomandi sérsviði. Lögð er áhersla á að allt diplománám geti orðið áfangi í námi til meistaraþrófs.

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur diplománámi að viðbættri starfsþjálfun (30e) á að standast alþjóðlegar viðmiðanir til starfsréttinda á því sérsviði.

Að öðru leyti miðar samsetning námsins að því að nemandi hafi að því loknu öðlast góða starfsleikni, fagþekkingu og tileinkað sér fagleg viðhorf á tilteknu starfs/fræðasviði hjúkrunar. Ennfremur miðast hún við að nemandi:

- hafi kynnt sér helstu hugmyndastefnur, rannsóknir, aðferðir og kenningar á sérsviði sínu og geti tengt þær þekkingu, eigin reynslu og starfi,
- geti starfað við hjúkrun á viðkomandi sérsviði,
- geti haft umsjón með almennum þróunarverkefnum á sínu sérsviði í samvinnu við hjúkrunarsérfræðinga,
- geti tekið þátt í agaðri faglegri umræðu um sérsviðið,
- geti metið fagleg gæði almennra verkefna á sérsviði sínu,
- geti nýtt sér rannsóknaniðurstöður með markvissum og gagnrýnum hætti við gagnaflokkun og úrlausn faglegra mála og
- geti beitt sér fyrir umbótum og nýjungum á sérsviðinu.

a. Almennur kjarni á samvöldum sérsviðum (10-13e).

Námskeið til a.m.k. 10 eininga mynda kjarna fyrir samvalin sérsvið. Skilgreina skal í hverri námskrá hvaða námskeið geta myndað kjarna fyrir viðkomandi diplománám. Leitast skal við að skipuleggja námskeið í slíka kjarna þannig að þau nýtist fleiri sérsviðum. Tillögur að samsetningu slíks almenns kjarna í námskrá diplomanámsins verði hverju sinni unnar af rannsóknanámsnefnd í samvinnu við viðkomandi fræðasvið deildarinnar, fagdeildir innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, erlendar fagdeildir ef við á og sérfræðinga á sérsviðum. Öll námskeið í almennum kjarna diplomanáms skulu vera opin öllum hjúkrunarfræðingum líkt og önnur meistaranámskeið.

b. Námskeið á sérsviði diplomanáms (7-10e).

Í námskrá hvers diplomanáms skal skipuleggja námskeið sem telja samtals 7-10 einingar og veita þekkingu á viðkomandi sérsviði. Tillögur að samsetningu slíkra námskeiða verði hverju sinni unnar af rannsóknanámsnefnd í samvinnu við viðkomandi fræðasvið deildarinnar, fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, erlendar fagdeildir ef við á og sérfræðinga á sérsviðum. Unnt er að takmarka fjölda stúdenta, sbr. c-lið 3. gr. og 4. gr. Námskeið á sérsviði eru að jafnaði kennd með reglulegu millibili og mun liggja fyrir áætlun um tímaröðun þeirra.

c. Klínísk starfsþjálfun til diplomanáms á sérsviði (10e).

Hjúkrunarfræðideild getur ákveðið að bjóða upp á sérhæfða starfsþjálfun til 30 eininga diplomanáms. Starfsþjálfunin telur þá 10 einingar á sérsviðinu og veitir þjálfun í klíniskum vinnubrögðum og vinnuferlum. Starfsþjálfunin fer fram í námsráðningu á vettvangi sérsviðsins skv. viðmiðum (handbók). Tillögur að samsetningu og framkvæmd slíkrar starfsþjálfunar

verði hverju sinni unnar af umsjónarráði viðkomandi diplománáms í samvinnu við rannsóknánámsnefnd, viðkomandi fagdeildir Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, erlendar fagdeildir ef við á og fagfulltrúa þeirra stofnana sem starfsþjálfunin á að fara fram við. Ráðnir verða umsjónarkennarar starfsþjálfunar í samráði við umsjónarráð. Hjúkrunarfræðideild veitir sérstakt prófskírteini, diploma, til staðfestingar því að viðkomandi hafi staðist tilskildar kröfur.

7. gr.

Námskeið í diplománámi sem hluti af meistaranámi.

Nemendur geta fengið allt að 20 einingar metnar úr diplománámi inn í nám til meistaraþrófs og jafnframt tekið námið samhliða formlegu meistaranámi. Einingar úr klínískri starfsþjálfun eru ekki metnar inn í nám til meistaraþrófs. Miðað er við að lágmarkseinkunn í einstökum námskeiðum í diplománámi sé 6,0 og að meðaleinkunn í diplománámi sé 7,25 til að það sé metið inn í meistaranám.

8. gr.

Umsjónarráð diplománáms.

Þegar deildin hefur samþykkt diplománám á ákveðnu sérsviði skipar deildarráð sérstakt umsjónarráð diplománámsins sem í eru forstöðumaður eða forstöðumenn viðkomandi fræðasviðs eða fræðasviða, ásamt tveimur öðrum sérfræðingum á sviðinu eða sviðunum.

9. gr.

Kröfur til umsjónarkennara námskeiða og kennara í diplománámi á meistarastigi.

Umsjónarkennari skal að jafnaði vera fastráðinn kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef umsjónarkennari er ekki fastráðinn kennari eða sérfræðingur við deildina skal hann a.m.k. hafa lokið meistaraþrófi, vera sérfræðingur á sérsviði námskeiðsins eða tengdu sviði og auk þess hafa starfað við það um árabíl og stundað rannsóknir því tengdar. Umsjónarráð hvers diplománáms tilnefni umsjónarkennara hvers námskeiðs í námskránni, yfirfer námskeiðalýsingu og mælir með henni við rannsóknánámsnefnd til staðfestingar. Rannsóknánámsnefnd getur óskað eftir umsögn og samráði við fleiri umsjónarráð en eitt um tiltekið námskeið, sbr. a-lið 6. greinar. Kennarar í námskeiðum skulu að jafnaði hafa lokið meistaraþrófi.

10. gr.

Prófdómara.

Prófdómara eru skipaðir samkvæmt almennum reglum þar um og ætíð skal skipa prófdómara fyrir nemendur sem ljúka diplománámi til 30 eininga á sérsviði. Rektor skipar prófdómara eftir tilnefningu frá viðkomandi umsjónarráði.

11. gr.

Námsmat.

Námskeið í diplománámi skulu vera á meistarastigi og standast kröfur þar um. Diplománámi lýkur með prófskírteini, sem staðfestir að nemandi hafi lokið diplománámi á viðkomandi sviði og reiknast meðaleinkunn nemandans vera vegið meðaltal eininga úr þeim námskeiðum sem nám hans samanstendur af. Lágmarkseinkunn í námskeiðum í diplománámi skal vera 6,0.

Sérstakt mat á námsárangri nemanda fer fram þegar um diplománám til 30 eininga á sérsviði er að ræða. Skipaður er prófdómari sem ásamt umsjónarkennara starfsþjálfunar prófar nemandann skv. viðmiðum sem samþykkt hafa verið af umsjónarráði.

12. gr.

Tengsl við aðra háskóla.

Hægt er að skipuleggja hluta diplomanámsins (5-10e) í samvinnu við erlendan háskóla og/eða heilbrigðisstofnun.

13. gr.

Prófskírteini - diploma.

Er nemandi hefur staðist námskröfur sem tilgreindar eru í námskrá fyrir diplomanám (m.a. staðist próf að lokinni sérhæfðri starfsþjálfun, sé kveðið á um það) telst hann hafa lokið diplomanámi á sérsviði. Veitt er sérstakt prófskírteini, diploma, þessu til staðfestingar.

14. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í hjúkrunarfræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla hjúkrunarfræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 21. febrúar 2003.

Páll Skúlason.

Halldór Jónsson.

REGLUGERÐ**um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi
launagreiðenda á árunum 2002 og 2003.**

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árunum 2002 og 2003 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum með síðari breytingum, 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskylt er skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 941/2000, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu 2001.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. mars 2003.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sólveigarsjóð.

1. gr.

Ég undirritaður Tómas Helgason, kt. 210418-4159, stofna hér með sjóð til styrktar bókasafni Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, þar með talið Tómasar- og Vigdísarsafn sem er deild innan bókasafns Landbúnaðarháskólans. Sjóðurinn heitir Sólveigarsjóður og er stofnaður til minningar um Sólveigu Finnborgu Helgadóttur systur mína (f. 13. desember 1927, d. 30. september 2002). Stofndagur sjóðsins er 13. desember 2002 og heimili sjóðsins og varnarþing er að Hvanneyri í Borgarfirði.

2. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 1.000.000 -ein milljón króna-. Stofnfé skal haldast óskert í sjóðnum, verðtryggt með vísitölu neysluverðs (grunnvísitala 223,9). Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á ávöxtun hans. Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja starfsemi bókasafns Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og skal úthlutað úr honum árlega tekjum hans umfram gjöld. Sérstaklega skal hugað að eftirtöldum verkefnum:

Viðhaldi áskrifta tímarita í Tómasar- og Vigdísarsafni.
Skráningu sérprentasafns Tómasar- og Vigdísarsafns.
Eflingu tæknibúnaðar bókasafnsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og önnur ávöxtun af stofnfé, gjafir, áheit og önnur framlög sem sjóðnum kunna að berast umfram þá hækkun sem reiknast miðað við breytingar vísitölu neysluverðs. Uppreikna skal stofnfé miðað við vísitölu eins og hún er 31. desember ár hvert, fyrst 31. desember 2003.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú fulltrúar.

Rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, og er hann formaður stjórnar.

Einn tilnefndur til fjögurra ára í senn af háskólaráði Landbúnaðarháskólans.

Einn upphaflega skipaður til fjögurra ára af stofnendum sjóðsins, en síðar tilnefndur til sama tíma af stjórn sjóðsins úr hópi stofnenda eða afkomenda þeirra.

Forstöðumaður bókasafns Landbúnaðarháskólans skal vera prókúruhafi sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans og skal ávaxta hann í verðtryggðum skuldabréfum, spariskírteinum ríkissjóðs eða með öðrum þeim hætti sem sjóðsstjórn er sammála um að telja jafn öruggan. Skýrsla um starfsemi sjóðsins ásamt reikningum skulu birtir í ársskýrslu skólans. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af þar til kjörnum skoðunarmönnum.

7. gr.

Verði sú breyting á hlutverki og rekstri Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri að breyta þurfi skipulagsskrá þessari til þess að sjóðurinn nái tilgangi sínum skal stjórn það heimilt enda sé það samhljóða álit hennar.

8. gr.

Verði starfsemi Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri lögð niður skulu eignir sjóðsins renna til sambærilegra verkefna við aðrar háskólastofnanir eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. mars 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
156	14. feb.	Reglur um rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands	494-498
157	24. feb.	Reglur um breytingu á reglum nr. 170/2001 um það hvernig aflu skal upplýsts samþykkis fyrir vinnslu persónuupplýsinga í vísindarannsókn á heilbrigðissviði	498
158	29. jan.	Gjaldskrá Framkvæmdasýslu ríkisins	499
159	4. mars	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ	499
160	15. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Djúpavogshreppi	500
161	15. feb.	Gjaldskrá fyrir hundahald í Djúpavogshreppi	500-501
162	28. feb.	Reglugerð um skipan yfirlækna heilsugæslustöðva til að sinna sóttvörnum	501
163	25. feb.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 341/2001 um geislun matvæla með jónandi geislun	502
164	21. feb.	Reglur um diplomanám á meistarastigi við hjúrunarfræðideild Háskóla Íslands	502-506
165	3. mars	Reglugerð um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árunum 2002 og 2003	506
166	3. mars	Skipulagsskrá fyrir Sólveigarsjóð	507-508

